

Lokaskýrsla
Flugslysaæfing
Húsavík 2013



Flugslysaæfing fer fram á Húsavíkurflugvelli

5.okt. 2013.

Allir viðbragðsaðilar á útkallslista
vegna flugslysa eru boðaðir á æfinguna.
Vinsamlega takið frá tíma.



Við „Neyðarstig-land“ í flugslysaáætlun fyrir Húsavíkurflugvöll þá boðar Neyðarlínan-112 eftirfarandi:

Aðgerðarstjórn almannavarna Húsavík
Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans – Bak
Aðalinn SST hópur 1 og 2
Björgunarsveitin Sútur Akureyri
Björgunarsveitin Ægir Grennvík
Björgunarsveitir á svæði 12
Fjarstúptamiðstöð ríkislögreglustjórans
Flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík (OACC)
Flugtúminn á Húsavík
Landhelgisgæsluna stjórnstöð /IRCC
Landspítalinn
Lögregluna á Húsavík

Rannsóknarnefnd flugslysa
AKÍ
Sjúkrahúsið á Akureyri
Slökkvilið Akureyrar
Slökkvilið Húsavík
Slökkvilið Þingeyjarsveitar
Flugfélagið Ernir (starfsmenn Húsavík)
Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 11
Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 12
Samráðshópur um áfallhjálp
Yfirstjórn Ísavia ohf.
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Efnisyfirlit


	Bls.
Efnisyfirlit.....	3
Markmið æfingarinnar.....	5
Inngangsorð.....	6
Hverjir tóku þátt og fjöldi.....	7
Handrit æfingarinnar.....	7
Orðskýringar.....	8-9
Dagskrá æfingarinnar.....	10
Lokaskýrsla -Bjarni Sighvatsson.....	11
Gangur æfingarinnar - Bjarni Sighvatsson.....	12-14
Aðgerðastjórn –Svavar Pálsson,sýslumaður.....	15-17
Vettvangsstjórn –Brynjólfur Sigurðsson,varðstjóri.....	18-19
Verkþáttastjórar:	
➤ Aðhlyningarstjóri- Brynhildur Sigurðardóttir/Jóhanna S. Kristjánsdóttir, Landsspítali.	20-22
➤ Gæslustjóri – Skarphéðinn Aðalsteinsson, lögreglumaður.....	23
➤ Flutningastjóri – Guðbergur R. Ægisson,Björgunarsveitin Garðar.....	24
➤ Björgunarstjóri –Bjarni Höskuldsson/Grímur Kárason, slökkvistjórar.....	25
Ráðgjafar:	
➤ Aðgerðastjórnar – Skýrsla barst ekki	
➤ Vettvangsstjórnar - Kristján Kristjánsson, Almannaþingardeild ríkislögreglustjóra.....	26-27
➤ Aðhlyningarstjóra – Björg Sigurjónsdóttir, Landsspítali.....	28-29
➤ Flutningastjóra – Jónas Guðmundsson, Landsbjörg.....	30
➤ Gæslustjóra – Jón Kristinn Valdimarsson,lögreglunni.....	31-32
➤ Björgunarstjóra – Grétar Karlsson,Eðvald Lúðvíksson,Isavia.....	33-34
Rauði Krossinn – Ingólfur Freysson form. Neyðarnefndar	35-36
Umsjón leikaramála - Vigdís Agnarsdóttir.....	37-38
Rýnifundur , úrdráttur.....	39-41
Samantekt helstu lærdómsatriða æfingarinnar.....	42-44



Þessi skýrsla er gefin út af Isavia ohf.

Umsjónarmaður með útgáfu þessarar skýrslu er
Bjarni Sighvatsson bjarni.sighvatsson@isavia.is

Ljósmyndir á forsiðu: Edda Lóa Phillips



Ljósmyndir: Heiðar Kristjánsson/skarpur.is



Ljósmynd: Heiðar Kristjánsson/skarpur.is

Markmið:

Meginmarkmið æfingarinnar var að stefna saman öllum þeim viðbragðsaðilum sem taldir eru upp í flugslysaáætlun fyrir Húsavíkurflugvöll og fá þá til að vinna saman við björgun mannlífa úr flugslysi.

Flugslysaáætlun fyrir Húsavíkurflugvöll var handritið sem lá til grundvallar um verkefni og skyldur hvorrar viðbragðseiningar.

Það er ekki markmið í sjálfu sér að menn æfi það sem þeir kunna, heldur að fá menn úr ólíkum viðbragðseiningum til þess að vinna saman, hlið við hlið og mynda það eðlilega flæði sem til þarf til þess að ferillinn „sjúklingur á slysstað“ til „sjúklingur á sjúkrahús“ virki sem best með hagsmuni þolenda

í huga.

Endanlegt markmið er að auka öryggi í flugi á Íslandi.

Daganna 3-5. október 2013 var haldin á Húsavíkurflugvelli flugslysaæfingin „Húsavík 2013“.

Æfingin var liður í því skipulagi Isavia að halda eina viðamikla flugslysaæfingu á hverjum áætlunarflugvelli ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti.

Þessi æfing er í röð margra æfinga sem haldnar hafa verið undanfarin ár á öllum áætlunarflugvöllum landsins.

Að undirbúningi æfingarinnar og að sjálfri æfingunni kom að venju hópur manna, svokallaður ráðgjafahópur.

Hópur þessi samanstendur af sérfræðingum úr hinum ýmsu starfsstéttum og tengist starf hvers ráðgjafa samsvarandi starfseiningu viðkomandi æfingarsvæðis.

Ráðgjafahópurinn fundar og skipuleggur frumvinnu við undirbúning æfingarinnar og í framhaldi af því er farið á viðkomandi stað og haldnar kynningar og kennslunámskeið í samvinnu eða annað að óskum heimamanna.

Heildarskipulag hvernar æfingar byggist á viðbragðsáætlun sem Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra í samvinnu við Isavia, gefur út fyrir hvern flugvöll.

Samhliða æfingunum er því annaðhvort unnið að gerð nýrrar flugslysaáætlunar fyrir viðkomandi flugvöll eða þá að sú sem fyrir er tekin til endurskoðunar, bæði fyrir æfinguna svo og er hún yfirfarin í ljósi reynslunnar af æfingunni og lagfærð eftir því.

Þessi endurskoðun kemur líka viðbragðsaðilum hvers staðar til góða þar sem menn rýna í sinn þátt í áætluninni og gefst bæði tækifæri til að hafa áhrif á áætlunina sjálfa svo og einnig að aðlaga starf sitt og skipulag að henni eða breytingum sem á henni kunna að vera gerðar.

Venjulega er mikið lagt undir þegar æfingar eru haldnar.

Viðbragðsaðilar hvers staðar rýna í innra skipulag sitt og búnað og leitast við að bæta hvorutveggja eftir þörfum. Oft er farið út í meiri og minni fjárfestingar í hlutun sem menn telja vanta til þess að eining þeirra geti staðið undir væntingum.

Það er því ljóst að mikið er lagt undir bæði með mikilli vinnu svo og útlögðum kostnaði. Síðast en ekki síst er mikil framlegð sjálfboðaliða, en án þeirra yrði víða harla lítið úr flugslysaæfingum, nyti þeirra ekki við.

Leitast er við að hafa skýrslu þessa sem einfaldasta og auðlesna.

Útgáfa hennar hefur eitt aðalmarkmið:

***Að draga fram hvað vel fór í viðkomandi æfingu og undirbúningi hennar svo viðbragðsaðilar viti hvað þeir gerðu rétt og læri af því....
Að draga fram hvað betur hefði mátt fara í viðkomandi æfingu og undirbúningi hennar svo viðbragðsaðilar geti dregið lærdóm af því og bætt úr.***

Hverjir tóku þátt og fjöldi:

Viðbragðseiningar	Þátttaka
Aðgerðarstjórn almannavarna Húsavík	10
Björgunarsveitin Garðar	25
Björgunarsveitin Stefán	2
Björgunarsveitin Þingey	8
Flugfélagið Ernir	3
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	17
Hjálparsveit skáta Aðaldal	5
Lögreglan á Húsavík	6
Rauði kross Þingeyjarsýslu	24
Slökkvilið Húsavíkur	12
Slökkvilið Þingeyjarsveitar	11
Leikarar	23
Ráðgjafar	10
Samtals:	156
Gestir	13

Handrit æfingarinnar

Slóvensk leiguflugvél af gerðinni Antonov 24RV missir afl á móturum örskömmu fyrir fyrir landingu á braut 03 (suðurendi brautar). Hún lendir rétt út af brautarendanum, brotnar þar í nokkra hluta og eldar koma upp. Áætlað er að um 20 farþegar hafi verið um borð auk áhafnar.

Aðgerðarstjórn (AS).

Aðgerðarstjórn fer með yfirstjórn aðgerða og er oftast staðsett á lögreglustöð staðarins eða aðsetri almanna. Hún getur verið staðsett í viðkomandi sveitarfélagi eða í öðru sveitarfélagi. Hana myndar hópur manna þar sem hver og einn starfar vegna þekkingar eða tengsla við sérhæfða starfshópa. Til dæmis fulltrúar löggæslu, björgunarsveita, heilbrigðismála, vegamála, slökkvímála og fleira í þeim dúr. Yfirmaður hópans er lögreglustjóri staðarins eða fulltrúi hans. Verkefni aðgerðarstjórnar er að hafa heildaryfirlit yfir aðgerðirnar, útvega bjargir, sjá um flutning sjúklinga úr héraði, samræma aðgerðir í héraði og vera tengiliður samræmingarstjórnar í miðstöð almanna í Skógarhlíð í Reykjavík.

Vettvangsstjórn (VS).

Vettvangsstjórn er lítil hópur fagmanna (oft 2-5) er aðgerðarstjórn skipar til þess að fara með stjórnun aðgerða á (slysa)vettvangi. Þeir aðilar sem oft mynda vettvangsstjórn eru til dæmis frá lögreglu, björgunarsveit, slökkviliði, heilsugæslu, sveitastjórn eða annað. Vettvangsstjórn sem starfar oftast nærri vettvangi, upplýsir aðgerðarstjórn um gang mála, skipar verkþáttarstjóra eftir atvikum, útvegar bjargir og mannskap og tekur aðrar ákvarðanir er lúta að framgangi aðgerða á vettvangi.

Verkþáttastjórn.

Verkþáttastjórnar eru undir stjórn vettvangsstjórnar. Þeir sjá um sjálfstæð verksvið, fá bjargir og ráð hjá vettvangsstjórn og upplýsa hana um gang mála.

Björgunarstjóri stjórnar björgunarsörfum á vettvangi, slökkvistörfum, frumgreiningu og leit að fólki. Kemur oftast frá slökkviliði.

Aðhlyningarstjóri stjórnar greiningarstöð (söfnunarsvæði slasaðra-SSS), sér um sjúkra- og fjöldahjálp, forgangsröðun sjúklinga og ákveður flutning þeirra af söfnunarsvæði. Oftast lækni eða hjúkrunarfræðingur frá sjúkrahúsi eða heilsugæslu.

Gæslustjóri sér um lokun og verndun innri svæða (slysa staðurinn) og lokun ytri svæða, umferðastjórnun og almenna gæslu. Hann ber einnig ábyrgð á talningu þolenda. Oftast lögreglumáður.

Flutningastjóri sér um móttöku bjarga og ákveður biðsvæði tækja og bjarga, skráningu þeirra og skipulagningu. Hann sér um flutning slasaðra af skaðasvæði á söfnunarsvæði slasaðra (SSS) og á sjúkrahús eða annað eftir ákvörðun aðhlyningarstóra. Oftast björgunarsveitarmaður.

Þótt verkþáttastjórnar komi oftast frá ofangreindum einingum þá er það ekki regla og vettvangsstjóri getur skipað hvaða mann sem hann kysir sem verkþáttastjóra.

Bakskipulag flugslysæfinga.

Ráðgjafar mynda svokallað bakskipulag. Þeir sjá um gerð og uppsetningu slysavettvangsins (bílflok, eldur og annað sem lýtur að gerð hans), umsjón þeirra sem leika sjúklinga, förðun þeirra og umsjón, eftirlitsþáttur (hver er hvar að gera hvað og hvernig) og heildar samhæfing æfingarinnar.

Lausnaraðilar.

Lausnaraðilar eru allir þeir viðbragðsaðilar heimamanna sem að aðgerðum og lausnum mála koma og vinna beint og óbeint undir stjórn aðgerðar- og vettvangsstjórna. Dæmi um lausnaraðila eru: slökkviliðsmenn, björgunarsveitir, lögregla, heilbrigðisfólk, aðhlyningarsamtök, rauða kross fólk og fleiri.

Ráðgjafahópur.

Ráðgjafahópur (frá *Isavia*, *Landhelgisgæslunni*, *Landspítala*, *Rauða krossinum*, *Neyðarlínunni*, *Rannsóknarnefnd flugslysa*, *Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra*, *Slysavarnarfélaginu Landsbjörg*, *Þjóðkirkjunni*) er hópur fólks sem hefur aflað sér sérþekkingar á sviði hópalslysaviðbúnaðar, hver á sínu sviði. Hópurinn mætir á þann stað þar sem halda á æfingu, tryggir heimamönnum ákveðna fræðslu og aðstoðar við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu æfingarinnar. Á æfingunni sjálfri eru þeir eftirlitsmenn og ráðgjafar og eru staðsettir þar sem sérþekking þeirra kemur að mestum notum.

Rýnifundur.

Rýnifundur stundum kallaður viðrunarfundur. Fundurinn er haldinn í lok flugslysæfinga, ýmist skömmu eftir æfingarnar eða daginn eftir. Á þessum fundum lesa lausnaraðilar starfseininga (td. vettvangs-aðhlyningarflutnings-björgunar og gæslustjóri, auk fulltrúa rauðakross, heilsugæslu, flugvallar og fleiri eininga) upp skýrslur sem þeir hafa gert, gjarnan með fólki sem vann við sama vettvang á æfingunni (td. björgunarstjóri fer yfir málin með slökkviliðsmönnum og svo framvegis). Þar eru dregnir fram helstu þættir sem að mati hvers og eins fóru vel á æfingunni og undirbúningi hennar og einnig þar sem miður fór við undirbúning og framkvæmd æfingarinnar.

Orðið er síðan gefið laust og þar geta menn rætt um eða bent á atriði sem að þeirra mati skiptu máli í æfingunni. Fundarefni snýst aðeins um æfinguna og það sem að henni snýr en ekki annað.

Samhæfingarstöð (SST).

Samhæfingarstöð almannavarna er staðsett í Björgunarmiðstöðinni við Skógarhlíð í Reykjavík. Verkefni samhæfingarstöðvarinnar er að aðstoða td. aðgerðarstjórnir á landsvísu, útvega hverskyns bjargir, skipuleggja sjúkraflutninga í lofti og samræma störf aðgerðarstjórna þegar umfang aðgerða krefst þess. Hana manna fólki með sérþekkingu á ýmsum sviðum er snerta björgunarmál svo og fulltrúar ýmissa opinberra stofnanna.

Söfnunarsvæði slasaðra (SSS).

Oftast staðsett í flugstöð viðkomandi flugvallar. Er sá staður þar sem öllum þeim sem lent hafa í flugslysi og eru á lífi er safnað saman. Þar fer fram skoðun á þolendum og þeir flokkaðir eftir ástandi þeirra. Eftir mat á ástandi eru þeir fluttir á viðeigandi svæði í flugstöðinni. Þeir fá þar áframhaldandi ummönnun meðan beðið er eftir flutningi á sjúkrahús.

MÓT-móttaka, skráning bjarga í aðgerð.

BH-biðsvæði hjálparliðs.

BF-biðsvæði flutningstækja.


BTB-biðsvæði tækja og búnaðar.

RNSA-Rannsóknarnefnd samgönguslysa. Ein deild stofnunarinnar annast rannsóknir flugslysa.

SLY-Slysstaðurinn og næsta nágrenni hans.

SSL-Staður þar sem líkum eða líkamshlutum er safnað.

ARFF –Aircraft Rescue & Fire Fighting.





Dagskrárhugmynd flugslysaæfingar Húsavíkurflugvöllur 3-5.okt. 2013.



<p>Fimmtudagur 3. okt</p>	<p>Kl.10:00 Boðunarþrofun (Neyðarlínan) Allir fá SMS boð. Þeir sem ekki fá boð hafi samband við fulltrúa Neyðarlínunnar eða hjá landssamtökum viðkomandi viðbragðseiningar. AVD</p>	<p>Kl.16:00- 19:00 (ca) Upprífing/Fræðsla. Vettvangsstjórn/Averkamtastjórn Staður: Naust-björgunarsveitarhús Almanna varna deild ríkisöfreglustjóra</p>	<p>Föstudagur 4. okt</p>	<p>Kl.15:00 Skrifborðsæfing Staður: Lögreglustöðin Aðgerðarstjórn, Vettvangsstjórn, Verkþáttastjórn skrifborðsæfing (Aðstoðsmenn stöðmeis á samræmdu mæta einnigi. Fjaraskiptaprófun far fram í upphafi skrifborðsæfingar (allir viðbragðsábyljar samræma og prófa fjaraskipti) Almennar, emsadeild ríkisöfreglustjóra</p>	<p>Kl. 20:00 Leikarafundur Staður: Íþróttahúsið Kynning og fræðsla fyrir þá sem leika þolendur á æfingunni.</p>	<p>Kl. 19:30-21:30 ca. Stöðufundur. Staður: Naust-hús björgunarsveitar Dagskrá: <ul style="list-style-type: none"> Aðgerðarstjóri ca. 5 min Vettvangsstjóri ca. 5 min Einhverjir ráðgjafar ca. 5 min Gangur æfingarmann-Isavia ca. 5 min Fjaraskiptaskipulag æfingarinnar. AVD Verkleig æfing í Averkamati og braðaflokkun sjúklinga Lanospítalinn Fyrir alla sem koma að vettvangi ss stöðvottinn, lögregla, heilbrigðisstök, björgunarsvið, sjúkrahús menn. </p>
<p>Laugardagur 5. okt</p>	<p>Kl. 08:00 Fördun leikara. Staður: Íþróttahús</p>	<p>Kl. 11:00-13:30 (upb) Flugslysaæfingin</p>	<p>Strax að lokinni æfingu er boðið uppá hressingu í flugstöð fyrir alla þá sem tóku þátt í æfingunni.</p>	<p>Að lokinni æfingu fara menn í að taka saman töl sín og tæki. Þeir sem tala fyrir hönd stjórnunareininga á rýnfundinum setjast niður með sínu fólki og taka niður punkta um æfinguna, framkvæmd hennar og undirbúning.</p>	<p>Úrvinnslufundur æfingarinnar Staður: Naust, hús björgunarsveitar Kl. 14:30 Fyrir alla þátttakendur Æfingu slitið</p>	
<p>Tímasetningar og efni geta breyst í þessari uppsetningu gefur hugmynd af því hvernig dagskráin gæfi lítið út.</p>	<p>Hvæð mærkla lítir ? Þeir sem leika sjúklinga og þeir sem aðstoða við fördun og umsjá leikara. Samgöngulegt, allir mæta (opió öllum).</p>	<p>Almenn vinna, Starfseiningar vinna að undirbúningi (frágang) o.fl. Skrifborðsæfingar /Fræðsla vettvangs- og aðgerðarstjóra</p>	<p>Dagskrá úrvinnslufundar 1. Almenn um æfinguna-Æfingastjóri 2. Starf aðgerðarstjóra-Aðgerðastjóri 3. Starf vettvangsstjóra-Vettvangsstjóri 4. Leit og björgun- Björgunastjóri 5. Sjúkruneyti, sissadeild úrvinnngastjóri 6. Lokaningeisla stjórn-Gæslustjóri 7. Mottaka og flutningur-Flutningastjóri 8. Fjórðingari SSS-Rauði krossinn 9. Starf flugvaflokk-Isavia 10. Almennar umræður-Örðö laust 11. Næstu skref-Isavia 12. Æfingunni slitið</p>			

Til hvers, fyrir hverja, tilgangur.

Þetta er svokölluð lokaskýrsla flugslysaæfingarinnar sem haldin 5.október 2013 á Húsavíkurflugvelli. Slíkar skýrslur eru gerðar í lok hverrar æfingar og þær eru sendar viðbragðseininga ásamt mynddiski þar sem við söfnum saman því myndefni er varðar æfinguna sem við komumst yfir. Einnig eru þessar skýrslur sendar rafrænt til viðbragðseininga og einnig á netið (isavia.is) og væntanlega á facebook í nánustu framtíð.

Til hvers.

Í lok hverrar æfingar er haldinn rýnifundur þar sem talsmaður hverrar viðbragðseiningar og fleiri skýra frá því sem var þeirra upplifun á æfingunni. Bæði það sem vel fór og miður í undirbúningi hennar svo og hvað vel fór og miður við framkvæmt æfingarinnar. Við biðjum síðan sömu aðila að taka saman þessa punkta og setja á ákveðið form sem síðan fer í lokaskýrslu. Þetta eru lærdómsatriði æfingarinnar sem alls ekki mega fara forgörðum. Æfing ein og sér er góð og öllum er nauðsynlegt að æfa ætli þeir að ná færni í því sem þeir eru að gera. En í ljósi þess að flugslysaæfingar eru haldnar á fjögurra ára fresti er ljóst að nauðsynlegt er að æfingarnar leiði til þess að það sé notað sem vel hefur reynst og ekki síður að það sé lagað sem miður hefur tekist.

Fyrir hverja.

Fyrir alla þá sem tóku þátt í æfingunni. Og ekki síður þá sem ekki tóku þátt og þá sem hefja störf í einhverri viðbragðseiningu á milli æfinga. Allir munu njóta afrakstursins ef að skýrslan leiðir til að einstaklingar og einingar framkvæmi eitthvað og bæti sig til þess að ná betri árangri.

Tilgangur.

Tilgangurinn er að gera viðbragðseiningar hæfari til þess að bregðast við hópsslysi. Með því að læra af nýliðinni æfingu. Með því að þú farir yfir lærdómspunkta þinnar einingar og bætir út því sem miður fór. Með því fara yfir lærdómspunkta hinna viðbragðsaðilana og sjá hvort um sameiginleg vandamál hefur verið að ræða sem bæta mætti úr. Með því að yfirfara flugslysaáætlunina, bæði í kafla 8 þar sem verkefnum þinnar viðbragðseiningar er lýst og skoða einnig aðra kafla þar sem farið er yfir verkvið, samvinnu og fjarskipti og koma hugmyndum um úrbætur áfram. Tilgangurinn með útgáfunni er sá að gera viðbragðsaðilum kleyft að hafa yfirsýn yfir þau atriði sem bæta þarf til þess að geta þeirra til viðbragðs verði betri.

Bjarni Sighvatsson.
Æfingastjóri

Flugslýsaæfingin Húsavík 2013. Gangur æfingarinnar.

Almennt.

Að því er undirritaður veit best var þetta fyrsta flugslýsaæfingin sem haldin er á Húsavíkurflogvelli eða „fyrsta æfingin í 57 ára sögu vallarins“ svo vitnað sé í orð Guðmundar starfsmanns á vellinum. Það má því segja að sannarlega hafi verið kominn tími til.

Æfingin í heild var með hefðbundnum hætti. Ráðgjafar mættu á fimmtudegi og dagskráin hófst með upprifjun/fræðslu fyrir aðgerðar- og vettvangsstjóra ásamt verkþáttastjórum. Setning æfingarinnar var síðan um kvöldið. Það var farið yfir ýmsan fróðleik er varðar flugslys, fjarskipti og endað á kennslu í bráðaflokkun.

Á föstudeginum síðdegis var haldin skrifborðsæfing þar sem aðgerðarstjórn, vettvangsstjórn og verkþáttastjórar æfðu sig í stjórnun. Þetta er skrifborðsæfing í bókstaflegri merkingu og hefur þann tilgang að æfa fjarskipti og samskipti hinna ýmsu stjórnenda í tilbúnu „slysi“ á borði. Þannig vinna verkþáttastjórar við „slysstaðinn“, skipuleggja björgunarstörf og stjórna aðgerðum í samvinnu við vettvangsstjórn sem var staðsett á öðrum stað en hún var einnig í samskiptum við aðgerðastjórn sem stödd var í sinni stjórnstöð. Þannig var reynt að líkja eftir því stjórnkerfi sem notað er á æfingum og í raunveruleikanum. Þessar æfingar hafa heilmikið gildi daginn fyrir alvöruæfinguna og taka dálítið „hrollinn“ úr stjórnendum fyrir alvöruna sem bíður daginn eftir.

Á föstudagskvöldið var svo haldinn stöðufundur þar sem stjórnendur fóru yfir sína málaflokka, farið var yfir praktísk atriði varðandi æfinguna og frekari fræðsla í kjölfarið.

Æfingin sjálf hófst klukkan ellefu og henni lauk klukkan hálf tvö. Tilgangurinn var sá að nota daginn eins vel og hægt er. Áður fyrr byrjuðu æfingar um eða uppúr hádegi og rýnifundur haldinn á sunnudag. Nú var ákveðið að klára hvorutveggja á einum degi. Margir þeir sem komu að æfingunni mættu á fimmtu- og föstudags fundina og margir þátttakenda eru sjálfboðaliðar. Við lítum því þannig á að okkur beri skylda til þess að nýta tímann vel og sjálfboðaliðar vilja að sjálfsögðu hafa sitt frí. Ekki er vafi á að þetta fyrirkomulag er mun heppilegra.

Að æfingu lokinni framreiddu slysavarnarkonur kjötsúpu ofan í mannskapinn. Í framhaldi af súpunni góðu var tekið til í flugstöð og á vettvangi og efnt til rýnifundar. Dagskrá rýnifundar er þannig að stjórnendur/verkþáttastjórar fara yfir þann málaflokk sem þeir stjórnðu á æfingunni og töldu þar upp það sem þeir töldu vel hafa tekist til og einnig það sem betur hefði mátt fara. Að framsögu þeirra lokinni er orðið laust og þar geta allir fundarmenn tjáð sig um hvað sem þeim liggur á hjarta og snýr að æfingunni.

Svavar Pálsson, lögreglustjóri og yfirmaður almannavarna á svæðinu sleit síðan æfingunni þegar klukkan var farin að nálgast fjögur.

Veður.

Daganna fyrir æfingu hafði veðurstofan spáð hvassri norðaustanátt með snjókomu á æfingardaginn. En sem betur fer breyttist spáin á síðustu stundu. Þegar æfingin hófst var hæg vindátt, úrkomulaust og þriggja stiga hiti og þegar leið á æfinguna braust sólin fram úr skýjunum. Vond veður spilla fyrir flugslysaæfingum og góð veður gera þær betri og þannig varð það æfingardaginn.

Handritið

Slovensk leiguflugvél af gerðinni Antonov 24RV missir motor í aðflugi að Húsavíkflugvelli. Vélin nær brautarenda en tæplega þó. Hún brotnar í nokkra hluta og eldar koma upp í hluta af brakinu. Áætlað er að um borð séu í kring um 20 farþegar auk áhafnar.

Vettvangurinn.

Slysavettvangurinn var hafður útaf suðurenda flugbrautar. Hann var hefðbundin, nokkur bíflök fyllt af dekkjum sem slökkviverkefni og tvö bíflök höfð sem klippuverkefni fyrir slökkvilið. Síðan var þolendum dreift á jörðina nærri og einstaka hafður lengra frá. Þetta var líklega fallegasta umhverfi slysavettvangs sem við höfum búið til. Reynt var að staðsetja vettvanginn þannig að hann sæist frá flugturni til þess að auðvelda vettvangsstjórn fyrir með því að geta séð hann með sjónauka.

Útkallið

Útkallið var hefðbundið. Þegar ráðgjafar á vettvangi gáfu merki um að hann væri tilbúinn gaf æfingastjóri turnmanni merki um að æfingin mætti hefjast. Turnmaðurinn kallaði í Neyðarlínuna með Tetrastöð, lýsti atburði og alvarleikastigi og ástandi eins og það blasti við úr turni. Hann lýsti því næst yfir að hann yfirgæfi flugturn og færi á vettvang til slökkvistarfa eins og flugslysaáætlun gerir ráð fyrir.

Æfingin

Æfingin hófst nokkrar mínútur yfir ellefu. Tuttugu og þremur þolendum hafði verið komið fyrir í bíflökum og um nágrennið. Vegna þess hve okkur virtist viðbragðsliðið vera öflugt hafði verið ákveðið að hafa erfiðleikastigið hærra með því að hafa fleiri meira slasaða sjúklinga en við höfðum ætlað í fyrstu að hafa. Viðbragðsaðilar komu akandi frá Húsavík eftir að hafa fengið boð Neyðarlínunnar með SMS skilaboðum. Þeir viðbragðsaðilar sem lengra komu biðu á bílaplani flugstöðvar og fengu að fara inn á flugvöllinn um það bil fimm mínútum á eftir heimamönnum.

Í stuttu máli gekk vinna við björgun og leit eins og best varð á kosið. Björgunarstjóri og vettvangsstjórn hefðu viljað hafa fleiri hjálparmenn til afnota en þannig er það oftast. Vinnubrögð voru yfirveguð, menn einbeittu sér að bjarga þeim sem auðvelt var að ná til eða finna og létu leit bíða. Björgunarstjórar völdu að vera nokkuð utan vettvangs og töldu sig ná betur utan um stjórnunna með því móti. Stundum hefur það verið gagnrýnt hve fastir slökkviliðsmenn eru við brunavettvang en í þessu tilfalli voru þeir meðvitaðir um verkefni sitt og tóku fullan þátt í aðhlyningu, frágangi og flutningi sjúklinga og er það vel.

Vettvangsstjórn kaus að vera í flugturni í því rými sem stjórnandi hans notar að jafnaði. Þannig fengu þeir betra útsýni yfir svæðið. Á móti kom að þar var þröngt og

vinnuaðstaða takmörkuð. Líklegra væri betra að dreifa vettvangsstjórn milli tveggja efri hæða turnsins.

Uppsetning söfnunarsvæðis slasaðra (SSS) gekk eins og í sögu þegar starfsmaður Arna, heilbrigðisfólk og Rauða kross fólk gekk í málið. Gaman var að sjá einfalda en velvirkandi lausn á vökvapokauppsetningu. Heilbrigðisfólk fann bandspotta, henti nokkrum þeirra yfir ljósarennu sem liggur eftir endilöngum salnum og var búið að hengja upp marga vökvapoka áður en fyrsti sjúklingurinn kom. Þarna var á afar auðveldan hátt vandamál leyst sem oft hefur valdið nokkru vandamáli á æfingum. Vinnubrögðin á SSS voru fumlaus og yfirveguð.

Þegar æfingin hafði staðið yfir í tvo klukkutíma og korter höfðu allir verið fluttir af slysstað, skoðaðir og alvarleikaflokkaðir á SSS og langflestir þolendur verið fluttir burt á sjúkrahús. Hafði þá allt verið æft sem til stóð og var æfingunni lokið klukkan 13:15.

Landhelgisgæslan

Eins og á flestum undanförunum æfingum þá ráðgerði Landhelgisgæslan að senda þyrlu til þess að taka þátt í æfingunni. Þeir eru aðeins með eina áhöfn á vakt og þyrlan var send í leitarverkefni og komst því ekki á æfinguna.

Fjarskipti

Fjarskiptin gengu mjög vel. Farið hafði verið yfir hve miklu máli skipti að fólk hugsaði áður en það talaði þannig að setningar yrðu stuttar og markvissar og einnig að ekki væri verið að tilkynna hluti sem hefðu ekkert æfingalegt gildi. Einnig hafði skrifborðsæfingin farið fram með notkun Tetra þar sem allir stjórnendur notuðu fjarskipti til samskipta. Þetta leiddi allt til agaðri fjarskipta og minna álags.

Leikarar

Leikarar voru alls tuttugu og þrír. Flestir voru þeir á unglingsaldri, en nokkrar konur á besta aldri tóku einnig þátt, konur sem ekki voru búnar að tapa ævintýraþránni og voru tilbúnar til þess að prófa eitthvað nýtt. Segja má að leikararnir séu í langerfiðasta hlutverkinu á flugslysæfingum. Þeir mæta til förðunar snemma morguns, bíða svo lengi eftir því að æfingartíminn renni upp og mega svo liggja á jörðinni eða láta troða sér inn á bíl og dvelja þar þangað til þeim er bjargað. Þetta eru töff krakkar og ber að þakka þeim sérstaklega þeirra þátt í æfingunni.

Rauði krossinn

Rauði krossinn lagði höfuðáherslu á að þjálfa sitt fólk á vettvangi þar sem þeir eru nokkuð vanir að reka hjálparstöðvar. Þeir sáu um umsjón græna svæðisins og aðstoðuðu við greiningu og vinnu á slysstað. Álagið á græna svæðinu var minna en á öðrum æfingum og var það vegna þess að æfingastjórn ákvað að hafa fleiri alvarlega áverka til þess að auka álagið á björgunar- og heilbrigðisfólk vegna þess að það leit út fyrir það að heildarverkefnið yrði ekki nógu krefjandi annars. Kraftar Rauðakross fólks í æfingunni nýttust mjög vel og ljóst að mjög heppilegt er að leggja höfuðáherslu á að senda sem allra flest Rauða kross fólk á vettvang að minnsta kosti í fyrri hluta aðgerða.

Flugslysaáætlunin


Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra hafði að vanda gengið frá nýrri útgáfu flugslysaáætlunar fyrir æfinguna. Nú eftir æfinguna þurfa allir viðbragðsaðilar að lesa

hana yfir og sjá hvort eitthvað hafi lærst á æfingunni sem krefst lagfæringar eða breytingar á henni í ljósi reynslunnar.

Niðurstaða

Þegar áhuginn og frumkvæðið kemur ofan frá og smitar frá sér líkt og hér gerðist verður almennur áhugi meiri. Fólk kom vel innstillt og fullt af áhuga á æfinguna og margir höfðu varið tíma í að undirbúa sig vel fyrir hana. Árangurinn lét heldur ekki á sér standa. Þetta var skemmtileg æfing og vel leyst af ykkur sem þátt tóku. Fyrir okkur ráðgjafanna er alltaf miklu skemmtilegra að vinna þar sem áhugi er fyrir hendi. Ráðgjafarnir þakka ánægjuleg viðkynni og samstarf og skemmtilega æfingu. Bestu kveðjur.

Bjarni Sighvatsson-Isavia.



Ljósmyndir: Kristján Kristjánsson-AVD

Flugslýsaæfingin (Húsavík, 5. okt. 2013) - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Aðgerðastjórn	Svavar Pálsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
<p>Aðgerðastjóri var lögreglustjórinn á Húsavík. (Stjórnun). Frá almannavörnum Þingeyinga: Framkvæmdastjóri. Frá lögreglu: Yfirlögregluþjónn og lögreglumaður. (Framkvæmd). Frá Landsbjörg: Tveir svæðisstjórnarmenn. (Bjargir). Frá Norðurþingi: Staðgengill bæjarstjóra. (Áætlanir). Frá Heilbrigðisstofnun: Framkvæmdastjóri og yfirlæknir. Frá Rauða krossinum: Formaður. Einnig neyðarnefndarmaður sem loggaði. Samtals 10 manns í AST.</p>

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
í AST.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
<p>Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:</p> <p><i>Fræðsla um margt til fyrirmyndar. Samhliða nauðsynlegri almennri fræðslu mætti þó etv. bjóða upp á sértækari fræðslu og ná þannig til fleiri þátta í aðgerðum sérstaklega.</i></p>

<p>Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:</p> <p><i>Vegna tilkynninga viðbragðsaðila beint til flutningsstjóra á vettvangi skorti AST yfirsýn varðandi bjargir á vettvangi og því erfitt fyrir AST að meta frekari þörf og gera viðeigandi ráðstafanir. Hægt er að styrkja áætlanapátt AST, t.d. með yfirferð yfir logg aðgerðarinnar eða þjálfun.</i></p>
--

Aðgerðastjórn

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Markvisst og gott skipulag í aðdraganda æfingarinnar.
Almennt jákvæð upplifun af fræðslu.
Áhersla á sértæka fræðslu um bráðaflokkun og áverkamati til fyrirmyndar.
Skrifborðsæfing skilaði góðri reynslu til þátttakenda.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

AST upplifir vaxandi öryggi í eigin verkefnum.
Hlutverka- og verkefnaskipting verður æ skýrari með vísan til SÁBF.
Fjölgun í AST hafði jákvæð áhrif.
Fjarskipti gengu sérlega vel. Aukinn agi í fjarskiptum er augljós.
Almennt vaxandi samhæfing.
Frjóar hugmyndir að lausnum komu fram , t.d. um flutning slasaðra.



Ljósmyndir: Edda Lóa Phillips

Flugslýsaæfingin (Staður og dagsetning) - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Vettvangsstjórn	Brynjúlfur Sigurðsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Lögregla (2), svæðisstjórn björgunarsveita (1) , slökkvilið (2)

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Í flugturni

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
<i>Hef ekkert út á undirbúning eða skipulagningu æfingarinnar að setja.</i>

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

<p><i>Í upphafi aðgerða á vettvangi óskaði björgunarstjóri eftir greiningarsveit á slysstaðinn. Eftir einhverja stund ítrekaði björgunarstjóri ósk um greiningarsveit á slysstað og í ljós kom að hún var komin en var á söfnunarsvæði slasaðra. Spurning hvaða verklag greiningarsveitin hefur varðandi hvar hún á að hefja störf þegar komið er á vettvang.</i></p> <p><i>Í upphafi gekk treglega að ná sambandi við flutningastjóra enda mikið álag á honum. Spurning hvort að hann ætti að hafa aðstoðarmann sem eingöngu hefði það hlutverk að sinna fjarskiptum.</i></p>
--



Ljósmyndir: Guðný Unnur Jökulsdóttir-Isavia

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Mjög gott að fá upprifjun og kennslu á SÁBF skipuritinu á dögnum fyrir æfinguna. Eins fundurinn þar sem verkþáttastjórar komu og sögðu frá sínu hlutverki.

Skrifborðsæfingin deginum fyrir sjálfa æfinguna er nauðsynleg. Þar sjá menn gróflega hvaða verkefni bíður þeirra og tekur mesta stressið úr manskapnum fyrir sjálfa æfinguna.


Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Greinilegt var að verkþáttastjórar og aðilar undir þeim voru vel að sér í SÁBF skipuritinu. Aðilar virtust meðvitaðir um heildarmyndina á aðgerðinni.

Menn virtust hafa haft sín hlutverk úr viðbragðsáætluninni alveg á hreinu.

Greinilegt var að aðilar voru meðvitaðir um mikilvægi þess að hafa samskipti um fjarskipti stutt og skýr. Þrátt fyrir að allir aðilar væru boðaðir á rás AV-NL-2 þá myndaðist aldrei yfirálag á rásina og lítið sem ekkert um óþarfa fjarskipti. Nánast undantekningalaust náðist samband vel og fljótt við verkþáttastjóra.

Verkþáttastjórar stóðu sig mjög vel og nýttu þann mannafla sem tiltækur var mjög vel þannig að hlutirnir gengu upp. Þeir virtust allir meðvitaðir um það að færa mannafla á milli staða eftir því hvar álagið var mest hverju sinni.



Flugslýsaæfingin (Húsavíkurflugvöllur 5. október 2013) - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Aðhlyningarstjóri	Brynhildur Elvarsdóttir og Jóhanna S. Kristjánsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Aðhlyningarstjóri, aðstoðarmaður hans og greiningarsveit HP

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
SSS

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur fullkominn 😊 - var gert eins vel og kostur var. Framkvæmum eins fyrir næstu æfingu.

Æfingarlegs eðlis

- *misstum starfsfólk á SSS í alvöru útkall í upphafi æfingar og því þurfti að leika býsna mikið og styðjast við ímyndað fólk. Misstum m.a. stjórnandi lækni. – Engar tillögur að úrbótum hér – ef verður alvöru slys þá fer fólk af vettvangi.*
- *Polendur töluðu um að þátttakendur í æfingunni hefðu mátt gæta sín betur á hvað þeir sögðu í návist þolenda bæði á slysavettvangi og á SSS. – Hefðum mátt hugsa betur út í að þó svo þetta hafi verið æfing þá þarf alltaf að gæta sín á hvað sagt er í nærveru sálar.*



Greiningarsveit var kölluð út á vettvangi í þann mund sem fyrsti þolandi kom á SSS. Hefðum ekki átt að senda greiningarsveit út þar sem búið var að greina alla á vettvangi og þau hefðu nýst betur á SSS. Vantaði því verulega heilbrigðisstarfsfólk þegar fyrstu þolendur fóru að koma inn. – Varðandi úrbætur: ef greiningarsveit er mætt með fyrstu mönnum á slysstað þá gæti hún farið beint út á vettvang að greina og aðhlyningarstjórar gera SSS klárt á meðan. Þetta miðast þó við aðstæður hverju sinni. Í æfingunni núna var nóg af fólki á vettvangi til að greina og var þ.a.l. búið með þá vinnu þegar greiningarsveit var kölluð á vettvang.

Með fyrstu flugvél kom greiningarsveit að sunnan, fengum ekki greiningarsveit frá Akureyri og einnig fengum við bara einn hjúkrunarfræðing af okkar svæði til viðbótar við greiningarsveit HÞ. Vöntun var því á heilbrigðisstarfsfólki.

Gekk mjög illa að fá burðarmenn á SSS þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um það. Vorum með nægan mannskap í lokinn.

Hermannabeddar í eigu flugvallar skiluðu sér ekki á SSS með þolendum slyssins. Þolendur komu í börum og skeljum björgunarsveita sem þurftu að komast aftur til baka á slysavettvang. Mikilvægt er að tryggja að einhverjir hermannabeddar skili sér til baka á SSS svo þolendur liggi ekki á beru flugvallargólfinu með einungis teppi undir sér.

Greiningarspjöld voru góð til síns brúks, en afrifan átti til að detta af og komu sumir þolendur ekki með afrifur af slysavettvangi.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur var mikill og góður:

- Haldin námskeið (Tetrafljarskipti, bráðaflokkun og áverkamat, hlutverk greiningarsveitar og verkefni, viðbragðsáætlun kynnt)
- Yfirfarin viðbragðsáætlun og greiningarbúnaður
- Þöntuð inn vesti og húfur fyrir greiningarsveit
- Endurskoðaður lyfjalisti og breytingar samkv. ábendingum frá Lyfjastofnun
- Súrefni bætt við greiningarbúnað
- Gátlisti útbúinn um búnað greiningarsveitar – settur á töskur greiningarsveitar
- Fórum í vettvangsheimsókn á flugvöllinn
- Heilbrigðisstarfsfólk og sjúkraflutningsmenn sem tóku þátt í æfingunni komu saman á kaffistofu heilsugæslu HÞ klukkutíma fyrir æfingu þar sem farið var yfir hlutverk og skipulag. Kynnt var uppsetningu á SSS og búnaði greiningarsveitar.

Tókum virkan þátt í undirbúningi á vegum almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra sem fram fór á Húsavík dagana fyrir æfingu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

- Aðhlyningarstjóri og aðstoðarmaður hans höfðu góða yfirsýn yfir SSS. Kallað var fljótt og örugglega eftir birgðum og mannskap.
- Greiningarsveit var mjög hreyfanleg og meðvituð um að fara á þann stað þar sem þörfin var mest. – mikil og góð samvinna.
- Fjarskipti gengu mjög vel. Samskipti við aðgerðastjórn, vettvangsstjórn og aðra verkþáttastjóra gengu mjög vel.
- Fengum frábært fólk frá RKÍ til aðstoðar og einnig voru komnir tveir í talningu áður en fyrstu þolendur mættu á svæðið.
- Gott skipulag á SSS og gott flæði. Gekk mjög vel og fljótt fyrir sig að koma upp SSS. Merkingar voru góðar. Allir hjálpuðust að við koma SSS upp (flugvallarstarfsfólk, slysavarnardeild kvenna, greiningarsveit og aðhlyningarstjóri og aðstoðarmaður hans).
- Útsjónarsemi var nýtt í tengslum við lausn á að koma upp vökvum og einnig var skipulagi örlítið breytt út frá flugslysaáætlun, en græna svæðið var færtil vegna kulda á þeim stað sem það átti að vera á. Einnig var einungis ein út og innkomuleið af SSS. Það kom mjög vel út og gerði talningunni mjög auðvelt fyrir, enda stóðst hún fullkomlega.
- Gekk mjög vel að fá upplýsingar frá sjúkrahúsum landsins um hve marga þolendur þeir gætu tekið og svo í framhaldinu að forgangsraða þolendum í flutning út úr héraði.
- Skráning aðhlyningarstjóra yfir flutningsmöguleika og yfirsýn tókst mjög vel. Notast var við gamalt skráningarblað frá árinu 2001 af vettvangsstjóranámskeiði og kom það eyðublað mjög vel út og munum við leitast við að nota það aftur.
- Vel tókst til með rýnifund sem haldinn var með öllum þeim sem komu að aðhlyningu á SSS í lok æfingar. Komum saman á grænasvæði SSS, borðuðum þar súpu og fórum yfir hvað hefði tekist vel og hvað hefði mátt betur fara. Menn voru sammála um að æfingin í heild sinni hefði tekist sérstaklega vel, alla vega það sem snéri að SSS. Ánægja var með hve stutt hefur verið á milli hópslysaæfinga í héraði og menn því vel í stakk búnir til að takast á við verkefnið. Fólk er farið að þekkja vel sitt hlutverk og hvernig almannavarnakerfið virkar í heild sinni. Menn voru sammála um að nú þarf að halda áfram að byggja ofan á góða þekkingu með áframhaldandi þjálfun/æfingum í héraði.

Fluglysæfingin Húsavík 2013 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Gæslustjóri	Skarphéðinn Aðalsteinsson.

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Lögreglan á Húsavík, björgunarsveitarmenn.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á Húsavíkurlugvelli, vestan við flugstöð.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Hugsanlega hefði mátt halda stutta fræðslu um notkun Tetra fyrir þá sem ekki eru að vinna með þau fjarskipti daglega. Undirritaður varð var við að fólk átti í vandræðum með að stilla stöðvarnar sínar á réttar rásir t.d. AV-3.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Vegna þess að ég hafði yfirumsjón með talningu inn og út af SSS, tel ég að það hefði verið gott að láta æfinguna „rúlla“ þar til að búið var að tæma SSS og þar með fá fullkomna talningu út af svæðinu. Þannig hefði mátt sjá hvort að talningin hafi gengið upp.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem fóru vel</u>.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Ég var ánægður með undirbúning æfingarinnar og þá sérstaklega tel ég að skrifborðsæfingin sem haldin var fyrir okkur verkþáttastjóranna hafi verið gagnleg.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Ég er mjög ánægður með æfinguna og tel hana hafa verið lærdómsríka og skemmtilega. Æfingin var til sóma fyrir alla sem að henni komu.

Ég tók sérstaklega eftir því hvað fjarskiptamálin gengu mun betur en á öðrum sambærilegum æfingum sem ég hef tekið þátt í.

Verkþáttastjórar - Flutningastjóri

Flugslýsaæfingin (Húsavíkflugvöllur 05/10'13) - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Flutningastjóri	<i>Guðbergur R Ægisson</i>

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Björgunarsveitin Garðar Húsavík

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Plani norðvestan við flugskýlið (Mót)

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

(MÓT) samkvæmt núverandi áætlun er svæðið (MÓT) staðsett suðvestan við innganginn inn á (SSS) sem ég tel ekki góðan kost, þar er mikil umferð á meðan verkefnið frá slysavettvangi er og mun þarna verða bæði bílar og mannskapur sem mun verða fyrir hvort öðru í mestu látunum og aukin hætta á óhappi. Á Æfingunni þann 5/10'13 setti ég upp (MÓT) norðvestan við Flugstöðina eða fyrir framan tækjageymslu vallarins. Var það finn staður þar sem ég hafði mjög gott yfirsýn yfir þau tæki sem komu á staðin og einnig þau sem óku frá vettvangi með sjúklinga, þar er maður staddur við einu innkomuleiðina á völinn og er auðvelt að fylgjast með og skrá þau tæki sem koma. Gott var að fylgjast með umferð inn á (SSS) úr hæfilegri fjarlægð og ekkert mál að lappa með menn frá (MÓT) inn á (SSS) til aðstoðar. Þegar ég tók töflufund með sjálfum mér kvöldið áður var ég samfærður um, að færa (MÓT) á þann stað,,

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Gott væri á svona æfingum að hafa leikendur til að leika ýmis tæki eða atburði t.d þegar sett er inn ímyndað tæki t.d rútu til flutningsstjóra þá væri hægt að senda inn mann með skilti á keilu sem á stendur á RÚTA. Eða Sjúkrabíll, svo að flutningsstjóri sjá að þarna er tæki til nota en ekki að ímynda sér að þarna sé rúta, því að maður á erfitt með að muna eftir tækjum sem eiga að vera þarna en eru ekki sýnileg,

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem fóru vel</u> .

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Að mínu mata var þessi æfing vel heppnuð í alla staði og ber að þakka fyrir það þó að alltaf má finna hluti sem menn læra bara af sem er jú tilgangur með æfingum.
Takk fyrir æfinguna

Flugslysaevingin (Staður og dagsetning) - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Björgunarstjóri	Bjarni Höskuldsson, slökkviliðsstjóri Grímur Kárason, slökkvistjóri

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Slökkvilið, björgunarsveitir, heilsugæslan, lögregla

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Nærri slysstað

--

Við vorum mjög sáttir við æfinguna í heild sinni. Það sem okkur þótti skína í gegn kostur þess að hafa tvo aðila í hlutverkum verkpáttastjóra. Við vorum tveir saman í hlutverki Björgunarstjóra og gekk það miklu mun betur heldur en ef um einn aðila er að ræða. Öll yfirsýn verður miklu betri og álag á Björgunarstjóra verður ekki eins og þegar einn aðili er í hlutverkinu.



Flugslysaæfing Húsavík 5. október 2013 Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Vettvangsstjórn	Kristján Kristjánsson Aðalvarðstjóri AVD

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Lögregla, Björgunarsveitir, Slökkvilið

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Vettvangsstjórn

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
Fyrir þessa æfingu var sett saman vísir að æfingastjórn og var hún að virka þokkalega. Þó þarf að forma starf hennar mun betur varðandi verkskiptingu og fl. Tel þetta þó skref í rétta átt.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

<p><i>Vettvangsstjórn hefði mátt huga betur að uppsetningu vinnuáðstöðu í turni (VST) . Hefði mátt athuga betur með að nota aðstöðuna á 2. hæð. Ef flugumferðarstjórinn hefði þurft að sinna flugumferð hefði þessi uppsetning varla gengið.</i></p> <p><i>Vettvangsstjóri hefði fyrr mátt fara í vettvangsferð á SSS og biðsvæði þar sem hann hafði góð tæk á því.</i></p>



Ljósmyndir: Edda Lóa Phillips

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur æfingarinnar var hefðbundinn en þó var lögð meiri áhersla á fræðsluþáttinn og þá sérstaklega fyrir AST-VST og Verkpáttastóra og tókst það vel.

Öll samskipti við heimamenn í undirbúningnum gengu mjög vel og fengust góð og skjót viðbrögð við öllum úrlausnarefnum.

Áhersla var lögð á að fá sem fyrst nöfn allra þeirra sem áttu að ver í stjórnun og er það mitt mat að það fyrirkomulag sé að skila mjög miklu í undirbúningi æfinga.

Eins var lögð sérstök áhersla á skrifborðsæfinguna og gefinn góður tími í hana og tókst það vel

Þátttaka allra viðbragðsaðila í undirbúningi, fræðslu og sjálfri æfingunni var mikill og metnaður og jákvæðni það sem einkenndi þessa æfingu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Vettvangsstjóri sem og allir í Vettvangsstjórn stóðu sig mjög vel og höfðu kynnt sér áætlunina vel og voru með góða stjórn á sínum verkefnum í VST .

Mjög mikill áhugi hjá öllum og jákvæðni fyrir verkefninu sem skilaði sér í að úrlausn verkefnisins gekk vel.

Æfingin gekk vel og var ekki annað að sjá en allir viðbragðsaðilar hefðu mikinn áhuga á þessu og hefðu kynnt sér áætlunina vel.

Samskipti VST við verkpáttastjóra gengu vel sem og samskipti við AST.

Flugslysæfing -Húsavík 5. október 2013. Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)	Björg Sigurjónsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
SSS

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Gott væri ef gert hefði verið ráð fyrir því að hafa einhverjar armý börur eftir í flugstöðinni til að hafa til taks þegar fyrstu sjúklingar fara að berast frá slysstað. Margir komu í skeljum frá björgunarsveitunum og fóru björgunarsveitarmenn með skeljarnar aftur út og þá þurfti að leggja sjúklinga á gólfid.

Það hefði e.t.v. mátt ítreka frekar fyrir öllum sem störfuðu á slysstað að hlutverk greiningarsveitar er einungis að greina. Þannig hefði hugsanlega verið hægt að koma í veg fyrir að önnur greiningarsveit hefði verið kölluð út á slysstað.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Heilbrigðisstarfsfólki fannst erfitt að hafa yfirsýn á SSS þegar komnir voru margir rauðir sjúklingar þar inn. E.t.v væri hægt að leggja meiri áherslu á að manna SSS vel af sérhæfðu fólki í upphafi í stað þess að missa hæft heilbrigðisstarfsfólk út á vettvang.

Erfitt var að missa lækni og 2 hjúkrunarfræðinga út á vettvang á sama tíma og fyrstu sjúklingar voru að berast á SSS.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur var allur til fyrirmyndar hjá heilbrigðisstarfsfólki. Stjórn heilbrigðisstofnunarinnar var í undirbúningi æfingar búin að leggja vinnu í að bæta við búnað greiningarsveitar og yfirfara gátlista í tengslum við hópslys.

Þátttakendur frá HÞ mættu daginn fyrir æfingu á flugstöðina og skipulögðu svæðaskiptingu og önnur praktísk atriði inni á SSS. S.s. lausn á því hvernig þau hengdu upp vökva.

Aðhlyningarstjóri og hennar aðstoðarmaður voru fyrirfram búnar að skipta með sér verkum og varð það til þess að starfið inni á SSS var vel skipulagt og unnu þær sérstaklega vel saman.

Vegna þéttra æfinga undanfarið voru menn vel æfðir og flestir búnir að taka þátt í annarri æfingu á árinu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Uppsetning á SSS gekk fljótt og vel fyrir sig.

Aðstoðarfólk frá skyndihjálparteymi Rauða krossins mætti snemma á SSS og var mjög hjálplegt. Mikið af hæfu fólki þar sem nýttist vel.

Fjarskipti voru mjög góð. Bæði við aðgerðarstjórn, vettvangsstjórn og aðra verkþáttarstjóra.

Skipulag og vinna á SSS var til fyrirmyndar.

Að hafa inn og útgang á sama stað kom mjög vel út og auðvelt var að hafa yfirsýn yfir hverjir voru komnir/farnir og hvert menn fóru.

Aðhlyningarstjóri fór fljótt í að kanna möguleika á flutningi úr héraði og kallaði einnig fljótt eftir meiri mannskap í burð og aðhlyningu á SSS.

Allir störfuðu af mikilli yfirvegum og aldrei varð vart við taugaveiklun eða stress hjá fólki.

Flugslýsaæfing Húsavík 5.okt.2013- Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Flutningastjóri / Björgunarsveitir	Jónas Guðmundsson Landsbjörg

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Félagar úr björgunarsveitum af svæði 14

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningskvöld mættu vera skilvirkari
Láðist að senda upplýsingar um æfingu á sveitir á Akureyri og Grenivík,
eru utan svæðis en tilheyra samt áætlun
Skrifborðsæfing hefði mátt vera lengri, skilvirkar og reyna meira á
stjórnendur

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Mæting björgunarsveita var með ágætum en námskeið og jarðarför komu meðal annars í veg fyrir frekari mætingu. Alls tóku um 30 björgunarsveitarmenn þátt. Ljóst var að undirbúningur sveitanna var góður bæði hvað varðar hlutverk sitt í áætluninni og ekki síður þau störf sem björgunarmenn kunna að þurfa að inna af hendi. Sá ráðgjafi sem þetta skrifar var afar hrifinn af metnaði og áhuga þeim sem sást hjá öllum þeim sveitum er tóku þátt. Samstarf allra viðbragðsaðila var afar gott og ljóst að svæðið hefur yfir góðum og hæfileikaríkum mannskap að ráða.

Þar sem hópurinn á svæðinu virðist vera vel þjálfður í hópslysum mætti kannski hafa í huga á næstu æfingu að keyra æfinguna hægar og þannig æfa gæði hvers verkþáttar betur þ.e. umsjón sjúklingar, björgun úr flaki, flutningastjórnunar og svo framvegis.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem fóru vel.</u>

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Mæting allra á æfinguna
Skipulag og flæði á æfingu
Mæting viðbragðsaðila á undirbúningskvöldin
Áhugi allra á verkefninu
Vinnubrögð á æfingu

Flugslysaæfing –Húsavík 5.okt.2013- Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Gæslustjóri	Jón Kristinn Valdimarsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Lögreglustjórinn á Húsavík

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Með gæslustjóra

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
<i>1.Æskilegt væri að Gæslustjóri geti strax sent 1-2 lögreglumenn inn á skaðasvæðið, þegar björgunarstjóri hefur lýst svæðið öruggt fyrir björgunarliðið. Það væri til að vernda rannsóknarhagsmuni og tryggja innri lokun betur og þá væru menn betur í stakk búnir að bregðast við óvæntum uppákomum.</i>

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

<i>2.Varðandi innri- og ytri lokun sem tókst ágætlega þá væri æskilegt að hafa yfir einhverjum merkjum að ráða til að merkja akstursleiðir, biðsvæði og fleira. Kom ekki að sök hér þar sem menn þekktu skipulagið vel.</i>
<i>3.Æskilegt hefði verið að hafa fleiri lögreglumenn á svæðinu til að aðstoða við lokanir á svæðinu og vera til taks þegar og ef eitthvað óvænt kemur upp. Stutt og auðvelt að óska eftir lögreglu- og sérsveitarmönnum frá Akureyri.</i>
<i>4.Innri lokun var við ytri mörk flughlaðsins en gæslustjóri áttaði sig á því fljótlega og færði hana í hliðið inn á flughlaðið og þar með sparaðist mannskapur og auðveldara var að vinna. Að öðru leiti var innri lokun að virka.</i>
<i>5.Mikið að gera hjá flutningastjóra og svolítið erfitt að fá mannskap en það gekk þó þokkalega.</i>
<i>6.Mikill tími gæslustjóra fer í að uppfæra AS um stöðu mála í talningu. Það þyrfti að einfalda það á einhvern hátt þannig að tölur færu beint frá talningastjóra til þeirra er málið varðar og þá um leið bæta við þriðja manni við talningu til að talningastjóri geti einbeitt sér að allt sé rétt gert.</i>
<i>7.Klára æfinguna til fulls með tilliti til SSS. Þ.e.a.s að flytja alla út af SSS áður en æfingu líkur þannig að hægt sé að sannreyna að tölur séu réttar. Hér var æfingu lokið áður en það var gert og hinir slösuðu gengu út af SSS án þess að talið væri út. Því tók talsverðan tíma að sannreyna tölur sem reyndust að lokum vera hárréttar.</i>
<i>8.Fjarskipti á Tetra gengu nokkuð vel en þó voru nokkrir af björgunarliðinu sem þurftu aðstoð við talstöðvar sínar. Kynna það betur og kenna notkun þeirra.</i>

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Gæslustjóri og þeir sem hann fékk sér til aðstoðar voru fljótir að átta sig á hlutverkum sínum og virtust vera vel undirbúnir undir þetta verkefni. Hann var fljótur að finna menn í talningu og að koma því í gang.

Talningastjórar voru mjög samviskusamir og stóðu sig vel. Hann kom með annan lögreglumann með sér á svæðið sem hann setti í innri lokun og gæslu á skaðasvæðinu þegar nokkuð var liðið á.

Almennt var góður undirbúningur og vel staðið af æfingunni.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Gæslustjóri var fljótur að setja upp innri- og ytri lokun sem uppfyllti allt sem þörf var á miðað við þessa æfingu. Hann var fljótur að ná yfirsýn yfir verkefnið og að koma mönnum til verka þegar hann fékk þá til sín. Hann gerði eina breytingu á innri lokun þar sem hann færði innri lokun frá flughlaði í hlið við flugstöðina og það var að virka vel. Honum gekk þokkalega að fá mannskap í störfín og hann hugði vel að öryggi og velferð þeirra.

Gæslustjóri hafði mjög góða þekkingu á verkferlum æfingarinnar og kunni hlutverk sitt vel.

Gæslustjóri þekkir Tetra fjarskipti vel og kunni skipulagið.

Umferðarskiplag var gott og gekk vel að og frá skaðasvæðinu og utan innri lokunar.

Góður agi var hjá björgunarliðinu sem lagði bifreiðum sínum á biðsvæði þegar það hafði ekki frekari verkefni fyrirleggjandi.



Ljósmynd: Heiðar Kristjánsson/skarpur.is

Flugslysæfing Húsavíkurflugvelli 05 okt. 2013

Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Slysavettvangur	Grétar Karlsson Eðvald Lúðvíksson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Starfsfólk á flugvelli, slökkvilið, lögregla, sjúkraflutningamenn og björgunarsveitir

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Báðir á slysavettvangi

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
<i>Að mínu mati ekki mikið að setja útá.</i>

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Þegar útkall er tilkynnt þá líða 4:38 mín þangað til vatn kemur á monitor á flugvallarbil, ekkert léttvatn kom fyrr en handlína var tekin út. Eftir 5:30 mínútur kemur björgunarkerra og er skilin eftir. 8 mín liðnar þegar eldur 1 er slökktur. Flugvallarmaður fer að ganga frá slökkvibíl og spáir lítið í vettvangi, hann er einn á vettvangi þar til Slökkvilið Húsavíkur kemur sem í raun er 15 mín að lágmarki frá útkalli. Klippur 1 fara í gang en gleymist að ath. með sjúkling sem er fastur undir flakinu, 3 og stundum 4 menn upp á flakinu í einu en engir spáir í sjúklinginn á jörðinni. Þegar klippuvinnu er lokið á klippur 1 fara allir í klippur 2, engir ræðir við þolendur inn í flakinu eða utan við það. Slökkvibílum bæði frá Húsavík og Þingeyjasveit er bakkað inn í slysavettvanginn. Svo þegar klippuvinnu í klippur 2 er lokið þarf að skrúfa sæti úr og fl í klippum 1 og þá fara menn að hlaupa á milli staða að sækja verkfæri í tækjabíl slökkviliðsins í staðinn fyrir að færa bílinn. Of mikið stopp kom í vinnu slökkvilið Þingeyjasveitar eftir að þeir slökktu eld 3 og vantaði að koma mannskapnum í önnur störf strax. Okkur fannst að a.m.k annar dælubíllinn hefði átt að fara að flugstöð og fylla á vatnstankinn hjá sér til öryggis. Björgunarsveitarfólkið var svolítið lengi að dreifa sér á vettvanginn í byrjun. Okkur fannst björgunarstjórinn og aðstoðarmaður hans vera staðsettir of langt í burtu frá vettvanginum en þeir ákváðu þetta.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Björgunarstjórinn og aðstoðarmaður hans höfðu greinilega undirbúið sig vel og eins má segja um aðra frá slökkviliðnum. Björgunarsveitarfólkið vissi vel hvað til var ætlast af því og voru vel undirbúin.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Heilt yfir mjög vel framkvæmt. Stjórnun á vettvangi mjög góð, slökkvistörf gengu hratt og vel, klippuvinna vel unnin og björgun úr flökum fín. Mikil samvinna hjá viðbragðsaðilum við að bráðagreina, hlúa að og flytja þolendur. Leit að þolendum gekk vel og fundust nokkuð fljótt allir sem leitað var að.



Ljósmyndir: Edda Lóa Phillips

Flugslysaæfingin (Húsavík 5.okt 2013) - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Aðgerðastjórn – fjöldahjálparstöð, söfnunarsvæði aðstandenda og söfnunarsvæði slasaðra.	Ingólfur Freysson form. Neyðarnefndar Rauðakrossins í Þingeyjarsýslu, Þórhildur Sigurðardóttir fjöldahjálparstjóri á SSA. Jóhann Rúnar Páls-son, Halldór Valdimarsson í aðgerðastjórn. Unnsteinn Ingason skyndihjálparhópur Rauðakrossins á SSS.

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Skyndihjálparhópur Rauðakrossins, fjöldahjálpastjórar, fjöldahjálparliðar og aðrir sjálfbóðaliðar.

3. Hvar var/voru viðkomandi staddir á meðan á æfingu stóð?

Í Nausti – húsnæði Rauðakrossins, Bjarnahúsi – safnaðarheimili Húsavíkurkirkju, flugstöð Aðaldalshrauni og Lögreglustöð á Húsavík. Borgarhólsskóla, fjöldahjálparstöð fyrri þolendur.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Við undurbúning hefði Neyðarnefndin þurft að funda sérstaklega með þeim aðilum/sjálfbóðaliðum sem störfuðu í og á söfnunarsvæði aðstandenda. Úthluta skýrari verkefnum til sjálfbóðaliða. Aðgreina skýrar aðstandendur eftir ástandi þeirra til að finna þeim viðeigandi úrræði í húsnæðinu. Stærð húsnæðis (Bjarnahús) er takmarkandi ef fjöldin verður margir tugir. Huga að afþreyingu fyrir börn, leikföng og bækur. Nauðsynlegt hefði verið að kalla á fleiri sjálfbóðaliði til að hafa til taks. Ekki var gott að einn aðili sé í stjórnstöð í Nausti meðan á aðgerðum stóð

Skyndihjálparhópur skilaði eftirfarandi greinagerð:

Í dreifbýli þar sem skortur getur verið á viðbragðsaðilum eru menn oft í fleiri en einu hlutverki þegar kemur að neyðarvörnum. Það myndi muna miklu ef fram kæmi í boðun neyðarlínunnar hvaða starfseiningu verið er að boða. T.d. aðili sem bæði er í skyndihjálparhópi og samráðshópi um áfallahjálp hefur ólík verkefni þegar kemur að hópslysi og verkefni eru unnin á ólíkum tíma.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Mikilvægt að meta hvenær grípa verður inn og eða leita til sérfræðinga þegar ástand t.d. aðstandenda verður mjög erfitt og óviðráðanlegt (sturlunarástand). Aðgengi að húsnæði er ekki gott fyrir fatlaða/aðgengi með hjólastóla. Húsnæðið er mjög þægilegt og hlýlegt. Auðvelt að skipta í hópa og nýta rými í húsinu sem er á þremur hæðum.

Frá skyndihjálparhópi kom eftirfarandi atriði:

Skrá hefði mátt ýtarlegri upplýsingar á bráðaflokkunarspjöld. Hins vegar var álag mikið og sjúklingar alvarlega slasaðir og því lítil tími. Fleira fólk hefði komið að góðum notum, t.d. við að færa sjúklinga á SSS milli svæða.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Samskipti gengu hnökralaust fyrir sig. Mikil breyting að vera á sérstakri rás í samskiptum við okkar starfseiningar. Góð samskipti og úrvinnsla frá Aðgerðarstjórn. Vinnubrögð voru fagleg og skipulögð hjá okkar starfseiningum. Greinilegt að við höfum á að skipa mjög hæfu fólki til að takast á við erfið verkefni. Allt gekk vel sem að skyndihjálparhópnum kom á SSS.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Frá skyndihjálparhóp:

Þurfum að bæta við talstöðvum til að dekkja vel allar einingar. Samstarf gekk frábærlega. Afar góð samvinna við lækna og hjúkrunarfólk. Vel merkt svæði innan SSS.



Ljósmynd: Kristján Kristjánsson-AVD

Flugslýsaæfing Húsavík 2013 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Leikarar og förðun	Vigdís Agnarsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
ISAVIA

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Í Leikaramiðstöð, á vettvangi og í SSS.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Einhver misskilningur var um það hvort leikarar fengju pizzu eða ekki eftir æfingu svo einhverjir voru svektir að fá kjötsúpu. Það hefðu mátt vera betri samskipti við Slysavarnardeildina, konurnar sem sáu um þetta varðandi tímasetningar og hvenær væri áætlað að æfingunni lyki.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis



Ljósmyndir: Edda Lóa Phillips



4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Námskeið í slysaförðun var haldið á þriðjudagskvöldið 1. október í húsi björgunarsveitarinnar. Þangað mættu 6 hressar stúlkur tilbúnar í verkefnið. Námskeiðið var mjög gott og einnig var farið vel yfir það hlutverk að hafa eftirlit með leikurum á æfingunni.

Leikarakynning fór fram í Ípróttahúsinu á föstudagskvöldið þar sem 20 manns mættu. Þar sem fjöldi viðbragðaðila var mikill þá var farið í það að reyna að fjölga sjúklingunum.

Jón Brynjar Birgisson frá Rauða krossinum aðstoðaði mig bæði á föstudagskvöldið og á laugardeginum, það munaði heilmikið um að fá aðstoð frá reyndum aðila við undirbúninginn.

Förðunarteymi mætti í ípróttahúsið klukkan 7:30 á laugardagsmorgun og leikarar byrjuðu að mæta um klukkan 8.

Slysavarnadeildin á Húsavík sá um morgunverð fyrir leikara, mjög flott og vel útlátið morgunverðarhlaðborð. Þessar vösku konur eiga þúsund þakkir skildar fyrir þeirra þátt í verkefninu. Já og takk kærlega fyrir kjötsúpuna eftir æfingu.

Förðunin gekk mjög vel, 23 leikarar mættu til leiks þrátt fyrir kuldalegt veður. Förðun var lokið um klukkan 10 mín yfir 10, allir leikarar voru komnir á vettvang um klukkan 10:45, þá var þeim komið fyrir á sínum stað á vettvangi.

Æfingin gekk mjög vel varðandi leikara, engin teljandi vandamál komu upp hjá leikurum sem kvörtuðu lítið og áttu stórleik mörg hver.

Þau báru samt björgunarmönnum flestum vel söguna og sögðu að það hefði í flestum tilfellum verið farið vel með þau og útskýrt hvað væri verið að gera.

Kærar þakkir til Friðriks Jónssonar fyrir að vera boðinn og búinn til að redda öllu því sem þurfti með brosi á vör. Edda og hinar sem tóku þátt í förðunarverkefninu stóðu sig eins og hetjur og gerðu þessa líka flottu áverka fyrir æfinguna.

Takk fyrir okkur.

Vigdís Agnarsdóttir

Rýnifundur var haldinn beint í kjölfar æfingarinnar. Verkpáttastjórnendur æfingarinnar ræð við sitt fólk strax eftir æfinguna, punkti hjá sér helstu atriði sem miður fóru og einnig þau atriði sem vel tókst til með bæði í aðdraganda svo og í æfingunni sjálfri. Þeir flytja síðan smá tölu um þessa punkta á rýnifundinum og þessir punktar eru síðan uppistaða í skýrslu sem þeir skila og verður hluti lokaskýrslu viðkomandi flugslysæfingar. Þegar þeir hafa flutt sitt mál er orðið laust um æfinguna fyrir alla sem mæta á fundinn. Tilgangurinn er því ekki síst að menn ræði nýliðna æfingu þegar hún er rétt liðin og mynni manna enn ferskt umæfinguna.

Hér á eftir koma stuttir úrdrættir á því sem fram kom á fundinum. Sjá má upptöku af fundinum á mynddiski sem fylgir hverju prentuðu eintaki lokaskýrslu.

Vettvangsstjóri-Brynjólfur Sigurðsson:

Mér fannst þetta mjög gaman og gagnlegt og tókst heilt yfir mjög vel. Hefðbundið „kaos“ástand kom aldrei því menn voru yfirvegaðir. Fjarskipti voru til fyrirmyndar og þrátt fyrir að allir væru á einumtalhóp þá kom agi í fjarskiptunum í veg fyrir álagsbið eða að menn töluðu hvor ofan í annan. Á tímabili var smá ruglingur um staðsetningu greiningarsveitar. Einnig tók smá tíma að fá farþegalista en æfingin kenndi okkur að aðeins einkennisklæddur lögreglumaður fær farþegalista í hendur frá flugafgreiðslu viðkomandi vélar.

Björgunarstjórar-Grímur Kárason og Bjarni Höskuldsson:

Við vorum tveir í hlutverki björgunarstjóra og skiptum með okkur verkum meðal annars í fjarskiptum. Við erum sammála um að flest atriði æfingarinnar hafi tekist mjög vel miðað við getu okkar og álag og fjarskiptin gengu vel og agað. Það reyndist ákaflega vel að við skildum vera tveir saman við að leysa verkefnið. Auðvitað vantaði bjargir á köflum sem er ákaflega eðlilegt miðað við álag en í öllum höfuðatriðum gekk æfingin mjög vel að okkar mati.

Aðhlyningarstjóri-Brynhildur Elvarsdóttir:

Ég hafði með mér aðstoðarmann (Jóhönnu) og við skiptum með okkur verkefnum bæði í vinnunni og í fjarskiptum. Fjarskiptin gengu óvenjulega vel. Öll uppsetning söfnunarsvæðisins gekk með ólíkingum vel. Mikil og góð hjálp var af Rauðakross fólkinu sem kom okkur til aðstoðar. Flæði hjálparfólks á milli svæða (rautt-gult-grænt) í flugstöðinni var með ágætum og það fór á milli þeirra eftir því sem álagið krafði. Við reyndum að finna einhver atriði sem miður höfðu farið en lentum í hálfgerðum vandræðum með að finna þau. Smá ruglingur var með greiningarsveit sem fór á slysstað en þar var búið að greina flesta eða alla og við hefðum vel geta notað sveitina hérna á sama tíma, nú stundum vantaði fólk þegar álagið var sem mest en það er líklega ofureðlilegt. Ég er ótrúlega ánægð með æfinguna og finnst þið hafa staðið ykkur gríðarlega vel.

Flutningastjóri- Guðbergur R. Ægisson:

Okkar verkefni var að stýra björgum og það gekk ótrúlega vel. Ég var með þrjá aðstoðarmenn með mér sem skiptu með sér verkum og létu á mér og voru forsenda þess að þetta gekk svona vel hjá okkur. Við misstum nokkur ökutæki inn á slyasvæðið en þannig myndi það vera í raunveruleikanum og ekkert við því að gera. En æfingin gekk ótrúlega vel að mínu mati.

Gæslustjóri-Skarphéðinn Aðalsteinsson:

Ég var með aðstoðarmann og við skiptum með okkur verkum. Talningin inn á svæðið var hárrétt en mig hefði langað til þess að æfingin hefði verið ögn lengri til þess að geta sannreynt talningu út af söfnunarsvæði. Í upphafi skönnuðum við hvort einhverjir þolendur væru komnir í flugstöð. Einnig virkjuðum við söfnunarsvæði látinna þar sem við fundum tvo látna. Fjarskiptin gengu mjög vel en ég átti fullt í fangi með að nota tvær talstöðvar. Við reyndum að tryggja vettvang sem best og ljósmynduðum sönnunargögn á vettvangi.

Rauði krossinn-Ingólfur Freysson:

Byrjaði á því að hrósa Svafari sýslumanni og hans mönnum sérstaklega vel fyrir að leiða almannavarnarstarfið síðastliðin tvö ár og sjá má uppskeru þess nú á æfingunni í dag. Rauðikrossinn var á þremur vígstöðvum á æfingunni með söfnunarsvæði aðstandenda í Bjarnahúsi, söfnunarsvæði þolenda í Borgarholtsskóla og einnig vorum við með skyndihjálparhóp á söfnunarsvæði slasaðra í flugstöð. Að reka söfnunarsvæði fyrir aðstandendur getur verið misjafnt og miserfitt og er mikið undir þeim sem þátt taka sem aðstandendur og leit þeirra hvernig til tekst. „Aðstandendur“ í dag voru óvenju góðir jafnvel svo að ekki var meira en svo að menn héldu fullri stjórn á ástandinu. ,i raun hefðum við kallað eftir aðstoð til þess að ráða við álagið en þetta slapp fyrir horn í dag.

Æfingastjóri-Bjarni Sighvatson

Tók það fram að þessi fundi væri ekki ætlað að vera heildarniðurstaða æfingarinnar heldur frekar að viðbragðsaðilar ræði saman meðan menn eru ferskir. Kvaðst eiga í mesta basli með að finna einhver atriði sem miður höfðu farið á æfingunni og þau sem miður hefðu hugsanlega farið hefðu verið svo smávægileg að ekki tók því að setja þau á blað. Uppsetning söfnunarsvæðis slasaðra hefði gengið hratt og vel og allar merkingar og tilfærslur aðstöðu í sal hefðu verið tilbúnar á fyrstu mínútum aðgerða. Hrósaði sérstaklega frumlegri og vel útfærðri lausn á vökvapokavandamáli en heilbrigðisfólk notaði ljósarennur fyrir pokaupphengi og fjölmargir vökvapokar biðu hangandi þegar fyrsti þolandi kom á söfnunarsvæði.

Í heild hefði æfingin gengið frábærlega vel. Greinilega hefði góður undirbúningur skilað sér. Menn unnu fumlaust, fjarskipti knöpp og skipulögð og að vel hefði tekist að vinna út þeim mannskap sem til taks hefði verið. Einnig var ánægjulegt að sjá hve samvinna viðbragðsaðila hafi verið góð á slysavettvangi.

Bjarni þakkaði síðan fyrir hönd ráðgjafa sem að æfingunni kom, kærlega fyrir samvinnuna og samveruna. Það væri að sönnu bæði auðveldara og skemmtilegra


að vinna að flugslysæfingu þar sem saman færi áhugi yfirvalda og viðbragðsaðila á viðkomandi stað eins og sannarlega hefði komið í ljós á þessari æfingu.

Aðgerðastjórn-Svafar

Ég geri orð síðasta ræðumanns að mínum „þetta gekk allt ákaflega vel“. Við tókum inn í aðgerðastjórn nokkuð af fólki sem hafði vettvangsreynslu og fékk nú aðra sýn. Við upplifðum aldrei „kaos“ástand. Fjarskiptin gengu sérstaklega vel. Það upplifðum við vel með því að hlusta á samskipti manna á vettvangi og þar voru þau vel öguð og gengu vel.

Ég hef satt að segja í raun enga raunverulega punkta um eitthvað sem miður gekk á æfingunni. Auðvitað eru alltaf smá hnökrar sem bæta má og að við eigum eftir að fara yfir en í öllum aðalatriðum gekk æfingin ákaflega vel. Nú er að viðhalda þeirri þekkingu og reynslu sem við höfum aflað okkur með þessari æfingu og öðrum. Loka orðin frá okkur eru þessi „þetta gekk allt mjög vel, ekki bara hjá okkur heldur líka hjá ykkur og það er frábært“.

Þarna höfðu allir frummælendur lokið máli sínu og orðið var gefið frjálst. Allir virtust vera sáttir, þreyttir og sælir og enginn óskaði eftir því að taka til máls. Því var ekki ástæða til þess að teygja lopann frekar og Svafar sýslumaður og yfirmaður almannavarna aðgerða á svæðinu sleit æfingunni formlega og þakkaði öllum viðstöddum kærlega fyrir ánægjulega æfingu og samvinnu.



Ljósmynd: Edda Lóa Phillips

Samantekt lærdómsatriða úr lokaskýrslum flugslýsaæfingarinnar

Húsavík 2013.

Athugið að hér eru aðeins teknir nokkrir punktar úr skýrslum til þess að draga fram það sem telja má til helstu atriða. Þau þurfa ekki að vera þau sömu sem höfundar skýrslna telja mikilvægust. Einkum er dregið fram það sem breyta/bæta þarf með tilliti til þess að kerfið virki betur en minna á ábendingar sem snúa beint að einstökum atburðum sem ekki höfðu bein áhrif á æfinguna. Nauðsynlegt er að lesa nánar skýrslu viðkomandi viðbragðsaðila til þess að fá skýrari mynd af málinu.

Aðgerðastjórn.

- Aðgerðastjórn styrkist í starfi við hverja æfingu.
- Fjölgun í nefndinni skilar betri árangri.
- Aukin agi í fjarskiptum skilar sér í minna álagi.
- Menntu eru að ná fastari tókum á SÁBF.

Vettvangsstjórn.

- Skýra þarf betur verklag greiningarsveitar.
- Reynslan sýnir að allir stjórnendur þurfa að hafa sér aðstoðarmann sem sér um fjarskipti og skráningu.
- Greinilegt er agi og æfing í fjarskiptum leiðir til meðal annars til þess að minni nauðsyn er á notkun fleiri talhópa.

Aðhlyningarstjóri.

- Allir sem taka þátt í æfingum sem þessari eiga að umgangast sjúklinga með jafn mikilli alúð og virðingu og þeir myndu gera í raunveruleikanum.
- Efna þarf til umræðu um staðsetningu greiningarsveitar í aðgerð svo sem hvar, hvert og hvenær.
- Allur björgunarbúnaður flugvallarins fer á vettvang og fyrstu sjúklingar urðu að liggja á hörðu gólfinu vegna skorts á börum. Mætti skilja hluta af börum vallarins eftir á SSS í upphafi aðgerðar ?
- Góður undirbúningur heilbrigðisfólks skilaði sér í skipulagðra og árangurríkara starfi.
- Ákvörðunin um hafa einar dyr fyrir alla þolendur inn sem út af SSS virkaði mjög vel.
- Fjöldi hópslýsaæfinga hefur skilað sér í betra skipulagi og starfi þátttakenda.

Flutningastjóri.

- Eftir að hafa skoðað uppsetningu MÓT sem var innan vallar sunnan til á flugvélastæði þá ákveð ég að flytja það fyrir framan tækjageymslu. Þetta reyndist að okkar mati mun betri staðsetning.

Gæslustjóri.

- Hvet til reglulegra æfinga með Tetrastöðvar. Menn voru ekki alltaf vissir um hvernig ætti að nota þær til dæmis skipta um talhópa. Þó hefur orðið augljós jákvæð þróun í notkun þeirra miðað við fyrri æfingar.
- Skrifborðsæfingar skipta miklu máli í undirbúningi æfinga.

Björgunarstjóri.

- Reynslan sýndi hve vel það virkar að hafa tvo menn í hlutverki björgunarstjóra. Á allan hátt gengu útlausnir og fjarskipti betur.

Ráðgjafi vettvangsstjórnar.

- Vettvangsstjórn hefði líklega lent í vandræðum með notkun á flugturninum ef raunverulegt álag hefði verið og þarf að skoða betur hvernig hún myndi nota aðstöðuna þar.
- Góð reynsla var af því að fá nöfn allra þeirra sem höfðu stjórnunarhlutverki að gegna og aðstoðarmenn þeirra til þess að geta aðstoðað við fræðslu og eða skipulagningu verkefna þeirra í tíma.

Ráðgjafi aðhlyningarstjóra.

- Gott væri ef einhverjar börur væru í flugstöð til þess að geta sett fyrstu þolendur á því björgunarmenn taka gjarna bakbretti með sér til baka á vettvang.
- Skerpa þarf á verkefni greiningarsveitar þannig að hún festist ekki í meðferð þolenda á slysstað.
- Markviss undirbúningur heilbrigðisfólks skilaði sér í markvissum vinnubrögðum.
- Miklu máli skiptir að fá Rauða kross fólk til vinnu á SSS í upphafi aðgerða.
- Vel reyndist að hafa eina hurð til þess að stjórna allri umferð þolenda.

Ráðgjafi flutningastjóra.

- Undirbúningskvöld mættu vera skilvirkari.
- Skrifborðsæfing hefði mátt vera lengri, skilvirkar og reyna meira á stjórnendur.

Ráðgjafi gæslustjóra.

- Æskilegt væri að hafa yfir einhverjum merkjum að ráða til að merkja akstursleiðir, biðsvæði og fleira.
- Hvet til þess að menn æfi reglulega notkun Tetra.
- Talningar og lokanir gengu í heild mjög vel.

Ráðgjafi björgunarstjóra.

- Ekkert léttvatn kom á monitor. Það er LYKILAÐRIÐI að vatn og léttvatn komi úr monitor þegar átt er við flugvélaeldsneyti.
- Starfsmaður á slökkvibíl sinnir ekki vettvangi utan slökkvistarfs sem þó er hans aðalverkefni þegar hann hefur klárað slökkvipáttinn.
- Björgunarmenn verða að hafa meiri yfirsýn. Það gengur ekki að standa upp á bílpaki við vinnu og láta þolanda sem liggur hálfur undan bílnum, óafskiptan.
- Allir björgunarmenn þurfa að muna að þrátt fyrir þeirra sérhæfingu þá er verkefnið allra þe. þegar eldar hafa verið slökktir þá snúa menn sér að björgun, greiningu, böruburði, ummönnun sjúklinga eða öðru sem fyrir liggur.
- Okkar mat að björgunarstjórar hafi verið staðsettir of langt frá vettvangi.
- Samvinna milli viðbragðsaðila var mjög góð á vettvangi.

Rauði krossinn.

- Skoða þarf verkferla og skýra verkefni sjálfboðaliða betur.
- Bæta við talstöðvum til að dekkja allar einingar.

Umsjón leikaramála

- Sérstakar þakkir til öflugs hóps slysavarnarkvenna og aðstoðarkvenna við förðun fyrir frábært starf.



Ljósmynd: Edda Lóa Phillips